

Nd.

15. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal greiða hreppsvegagjald fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20 til 60 ára að aldri, í hverri stöðu sem hann er (sbr. þó 19. gr.). Gjald þetta sé jafnhátt dagkaupi því, sem viðkomandi sýslunefnd ákveður í sýsluvegavinnu ár hvert. Heimilt er þó hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn að tvöfalda framlag til hreppsvega, og fer um greiðslu gjaldsins samkv. ákvæðum 19. gr.

2. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Hver sá maður, sem talinn er á verkfæraskrá, skal greiða hreppsvegagjaldið í peningum í sveitarsjóð, eða vinna eitt dagsverk í hreppsvegum samkv. ákvörðun hreppsnefndar.

Húsráðandi hver innir gjaldið af hendi eða annast vinnuna fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldsins, ef viðkomandi hefir ekki unnið það af sér það ár, er 31. desember.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkv. núgildandi lögum er hreppsvegasjóðsgjald ákveðið 2 kr., en má með sérstakri samþykkt sveitarstjórna hækka það upp í 5 kr. Hinsvegar mun kaupgjald í sýsluvegavinnu víðast vera um 7 kr. á dag og í ríkisvegavinnu 9 kr. Þessi mjög misjafni kauptaxti hefir víða valdið óánægju, og er frv. þetta fram borið til að jafna nokkuð aðstöðuna milli þeirra manna innan hreppanna, sem vinna gjaldið af sér, og hinna, sem greiða það í peningum, sem víða eru hinar tilskildu 2 kr. Ennfremur felst í breytingunni ákvæði um að heimila hreppsnefndum nokkra hækkun á hreppsvegagjöldum, þar sem brýn þörf er til slíkra ráðstafana.

Nánar í framsögu.